

## T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á ýmsum starfsreglum kirkjuþings.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af forsætisnefnd.

Frsm. Steindór R. Haraldsson.

### 1. gr.

#### **Starfsreglur um fjármál Þjóðkirkjunnar nr. 13/2021-2022.**

- a. Í stað „framkvæmdanefnd“ í 2. mgr. 2. gr. kemur: stjórn Þjóðkirkjunnar
- b. Í stað „framkvæmdanefnd“ í 1. mgr. 4. gr. kemur: stjórn Þjóðkirkjunnar
- c. Í stað „framkvæmdanefndar kirkjuþings“ í staflað e í 2. mgr. 5. gr. kemur: stjórn Þjóðkirkjunnar.
- d. Í stað „framkvæmdanefnd kirkjuþings“ í 4. mgr. 10. gr. kemur: stjórn Þjóðkirkjunnar
- e. Í stað „framkvæmdanefnd kirkjuþings“ í 2. mgr. 12. gr. kemur: stjórn Þjóðkirkjunnar
- f. Í stað „framkvæmdanefndar“ í 1. mgr. 13. gr. kemur: stjórnar
- g. Í stað orðanna „framkvæmdanefnd“ í 2. mgr. og 3. mgr. 13. gr. kemur: stjórnin

### 2. gr.

#### **Starfsreglur um kirkjuþing nr. 10/2021, með síðari breytingum.**

- a. Í stað orðanna „framkvæmdanefnd kirkjuþings“ í 3. málsg. 3. gr. komi: stjórn Þjóðkirkjunnar

- b. 4. gr. ásamt fyrirsögn orðist svo:

*Stjórn Þjóðkirkjunnar.*

Kirkjuþing kýs árlega stjórn Þjóðkirkjunnar á síðasta fundi reglulegs kirkjuþings að hausti.

Stjórnina skipa fimm kirkjuþingsfulltrúar úr röðum aðalmanna, þrír úr hópi óvígðra og tveir úr hópi vígðra. Þrír varamenn eru kosnir með sama hætti. Formaður komi úr röðum leikmanna og skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

Stjórnin starfar á ábyrgð kirkjuþings og lýtur boðvaldi þingsins. Stjórnin fer með æðsta vald í fjármálum kirkjunnar á milli þinga innan þeirra marka er starfsreglur um fjármál setur henni. Meirihluti stjórnar ritar firma Þjóðkirkjunnar.

3. gr.

**Starfsreglur um söfnuði og sóknarnefndir Þjóðkirkjunnar nr. 16/2021-2022.**

Í stað „framkvæmdanefnd kirkjuþings“ í 3. mgr. 14. gr. og í 2. másl. 1. mgr. og 1. másl. 3. mgr. 18. gr. kemur: stjórn Þjóðkirkjunnar

4. gr.

**Starfsreglur um þingsköp kirkjuþings nr. 11/2021-2022, með síðari breytingum.**

- a. 2. másl. 2. mgr. 11. gr. fellur brott.
- b. 1. mgr. 12. gr. orðast svo:
- c. Kirkjuþing kýs stjórn Þjóðkirkjunnar í samræmi við gildandi starfsreglur um kirkjuþing hverju sinni. Stjórnin er kosin í óbundinni kosningu.
- d. Í stað „framkvæmdanefndar“ í 2. mgr. 13. gr. og í 1. mgr. 30. gr. kemur: stjórn

5. gr.

**Starfsreglur um þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar nr. 13/2021-2022.**

Í stað „framkvæmdanefnd kirkjuþings“ í 5. gr. kemur: stjórn Þjóðkirkjunnar

6. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um Þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

**Greinargerð.**

Tillaga þessi að breyttum starfsreglum er byggð á samþykkt 65. kirkjuþings 2023-2024 á þingsályktunartillögu löggjafarnefndar á þskj. nr. 94, í 53. máli 64. kirkjuþings 2022-2023. Er vísað til þingskjala þess þingmáls til nánari skýringa.

Um er að ræða uppfærslu orðalags þeirra starfsreglna kirkjuþings þar sem ákvæði er að finna um framkvæmdanefnd kirkjuþings. Í stað framkvæmdanefndar kirkjuþings komi stjórn Þjóðkirkjunnar. Ekki er um aðrar efnisbreytingar á regluverkinu að ræða. Ekki þykir þörf á að skýra einstök ákvæði tillögu þessarar sérstaklega.